




Heiðarskóli — Fréttabréf

Febrúar 2007

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri



**SpKef**  
Sparisjóðurinn í Keflavík



## MÁLÞING Í HEIÐARSKÓLA

**Kennarar og starfsmenn Heiðarskóla í Reykjanesbæ boða til málþings um skólamál laugardaginn 24. febrúar.**

Á málþinginu verða flutt 15 áhugaverð erindi um skólamál. Málþingið er ætlað öllum þeim sem hafa áhuga á menntun barna og skólamálum.

**Eflum skólamálaumræðu nemendum til heilla!**

**Þátttaka á málþinginu er endurgjaldslaus og létt hádegishressing í boði.**



10:00 SETNING ÞINGSINS			
	MÁLSTOFA 1	MÁLSTOFA 2	MÁLSTOFA 3
10:30	Hver nemandi er einstakur <i>Starf stuðningsaðila mikilvægur hlekkur í skólastarfinu</i>	Námsmat <i>Nýjungar í námsmati</i>	Hvað gerir foreldraráð? Vilt þú foreldrafélag?
11:00	Olweusaráætlun gegn einelti <i>Hvernig störfum við?</i>	Líðan skiptir máli <i>Jákvæð styrking innan skólaveggja</i>	Hvar finn ég upplýsingar? <i>Möguleikar Mentors</i>
11:30	Félagsstarf í skóla <i>Þátttaka nemenda</i>	Betur sjá augu en auga <i>Samstarf kennara og samkenntsla í árgöngum</i>	Líkams- og heilsurækt <i>Hreysti til framtíðar</i>
12:00 HÁDEGISHRESSING			
12:30	Greining til gagns <i>Skimun í skóla</i>	„Far þú í dans, en gættu hvar þú stígur“ <i>Danskennsla í skóla</i>	Heilsa og lífskjör skólanema <i>Niðurstöður rannsóknar Lýðheilsustöðvar 2006</i>
13:00	List og sköpun í skólastarfi <i>Hver er tilgangurinn?</i>	Uppeldi til ábyrgðar <i>Uppbygging sjálfsaga</i>	Skólamáltíðir <i>Næring og hollusta</i>
13:30–14:00 HORFT TIL FRAMTÍÐAR – PALLBORÐSUMRÆÐUR – ÞINGSPLIT			

# HEIMSÓKN Í STJÖRNUVER

Í janúar fóru nemendur í 5. og 10. bekk í skemmtilega ferð í Akurskóla. Allir grunnskólarnir í Reykjanesbæ höfðu sameinast um að fá í heimsókn svokallað Stjörnuver. Stjörnuverið er stór uppblásin hálfkúla sem nemendur fara inn í og er myndum varpað í loftið. Nemendur fá svo fyrirlestur um himingeiminn ásamt því að sjá stjörnur og önnur fyrirbæri á himninum frá ýmsum sjónarhornum og á hreyfingu.




Nemendur í 10. RR fyrir framan Stjörnuverið í sal Akurskóla



Nemendur í 5. KG koma úr Stjörnuverinu

# ÓSKILAMUNIR

Í hverri viku verður eftir í skólanum mikið magn af óskilamunum. Við höfum gripið til þess ráðs að raða öllum óskilamunum á borð þegar foreldrar koma í skólann t.d. á samskiptadögum. Eftir síðasta samskiptadag var enn töluvert eftir af fatnaði og öðrum munum. Við hvetjum foreldra til að athuga hjá starfsmönnum skólans hvort að eigur barna þeirra séu í skólanum. Það sem ekki hefur verið sótt 2. mars verður gefið í fatasöfnun Rauða krossins.



# GÓÐUR ÁRANGUR Á SAMRÆMDUM PRÓFUM

Nemendur í 4. og 7. bekk tóku samræmd próf í íslensku og stærðfræði í október. Niðurstöður samræmdra prófa voru birtar í byrjun desember. Í 4. bekk voru nemendur rétt undir meðaltali. Landsmeðaltalið í báðum greinum var 6,7 en Heiðarskóli var með 6,6. Í 7. bekk voru nemendur verulega hærr en landsmeðaltal. Í íslensku voru

nemendur 0,4 yfir. Í stærðfræði náðu nemendur frábærum árangri. Landsmeðaltalið var 7,3 en nemendur Heiðarskóla voru með 8,5. Sérstaka athygli vekur hve margir eru að ná toppárangri. Í 7. bekk voru tólf nemendur með 10 í einkunn. Þá voru allir nemendur í 7. bekk að sýna framfarir í stærðfræði miðað við einkunn þeirra í 4. bekk.

*Tólf nemendur í 7. bekk í Heiðarskóla með 10 í einkunn í stærðfræði á samræmdu prófi!*

Kennarar skoða nú niðurstöðurnar nánar og hvar megi gera enn betur. Við óskum nemendum til hamingju með frábæran árangur.



# MENNINGARSTUNDIR

Föstudaginn 16. febrúar og mánudaginn 19. febrúar voru menningarstundir í Heiðarskóla. Nemendur í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk sýndu fjölmörg skemmtileg og vel útfærð atriði fyrir nemendur einu ári eldri.



# Dagur stærðfræðinnar

Föstudaginn 2. febrúar var dagur stærðfræðinnar. Af því tilefni var unnið með stærðfræðina á fjölbreyttan hátt í kennslustundum. Þá voru ýmsar þrautir settar upp á göngum skólans. Nemendum gafst einnig kostur á að giska á fjölda glerkúlna í vasa. Fjöldmargir nemendur reyndu að hitta á réttu töluna en tvær stúlkur úr 4. HT voru næst því og giskuðu á 1200 kúlur. Kúlurnar voru 1178. Þóra Guðrún Einarsdóttir fagstjóri í stærðfræði afhenti Örnunni Völu Hlynsdóttur og Steinunni Maríu Daníelsdóttur viðurkenningu.



Nemendur reyna að giska á réttan fjölda kúlna.



Þóra Guðrún afhenti Steinunni Maríu og Örnunni Völu viðurkenningarþjöld.

## NÁMSKEIÐ—AÐ VERA Í FÉLAGI

Laugardaginn 13. janúar fékk nemendafélag Heiðarskóla Árna Guðmundsson til að koma og halda námskeið. Árni er uppeldis- og menntunarfræðingur og hefur víðtæka menntun og reynslu á sviði æskulýðsmála. Námskeiðið var frá kl. 10 – 16 og var því skipt í þrjú hluta. Í fyrsta hlutanum fór Árni í gegnum ræðumennsku og framkomu. Í öðrum hlutanum fór hann yfir hvernig maður vinnur í nemendafélagi og í þeim þriðja fór hann í verkefnið frá hugmynd til framkvæmdar. Nemendur komu með hugmyndir að atburði og skipulögðu hann með tilliti til allra þátta. Foreldrafélag Heiðarskóla ásamt Íþrótt- og tólmstundaráði Reykjanesbæjar styrktu nemendafélagið með fjárframlagi svo hægt væri að halda þetta námskeið og kunnum við þeim mikla þakkir. Nemendur í nemendafélaginu ásamt umsjónarmönnum félagsstarfsins voru mjög ánægðir með námskeiðið.



## Skólahreysti

Fimmtudaginn 8. febrúar fóru fjórir keppendur frá Heiðarskóla að keppa fyrir hönd skólans í Skólahreysti. Þetta voru Marín Hrund Jónsdóttir, Elísa Sveinsdóttir, Kristinn Ásgeir Gylfason og Ásgeir Elvar Garðarsson. Marín keppti í ambeygjum og fitnessgreip, Kristinn í upphfingum og dýfum og Elísa og Ásgeir kepptu saman í hraðþraut. Þau stóðu sig öll með stakri þryði og hrepptu þriðja sætið í sínum riðli.

Nemendur úr 8. – 10. bekk fjölmenntu á keppnina til að styðja sitt fólk en héðan fóru rútur í boði skólans með um 100 stuðningsmenn.



Keppendur Heiðarskóla



Stuðningsmenn Heiðarskóla voru líflægir á pöllum

# ÍFRÓTTADAGUR

Föstudaginn 16. febrúar var ífróttadagur í skólanum. Dagurinn var brotinn upp hjá öllum árgöngum og nemendur spreyttu sig í hinum ýmsu ífróttum eða reyndu á sig á annan hátt. Nemendur í 1.—3. bekk fóru í Reykjaneshöllina í hoppukastala, ratleik og aðra leiki. Nemendur í 4.—6. bekk fóru í keiluleik og bandý í ífróttahúsinu og nemendur í 7.—10. bekk spiluðu bandý og handbolta. Hver hópur endaði svo á að dansa saman partýpolka.



## Unnið með landnámið í 2. bekk

Nemendur í 2. bekk hafa í vetur lært um landnámið í samfélagsfræði. Þeir kynntu sér sérstaklega Ingólf Arnarson og unnu í sameiningu stóra veggmynd af honum og hans föruneysi. Nemendur voru virkilega duglegir í gegnum allt ferlið og sýndu þessu verkefni mikinn áhuga.



## VEIKINDI -INNIVERA

Þegar nemandi er veikur og þarf að vera frá skóla þá er nauðsynlegt að hringja til ritara og tilkynna veikindin alla þá daga sem veikindin standa yfir.

Ef nemandi hefur verið mikið veikur þá er hægt að óska eftir því að hann sé inni í frímínútum. Við viljum þó beina þeim tilmælum til foreldra að þeir hvetji börnin til útiveru í frímínútum og biðji ekki um leyfi fyrir inniveru nema brýna nauðsyn beri til.

Klæðið börnin eftir veðri það er nefnilega ekki til vont veður bara óhentugur klæðnaður.



*Þessar stúlkur í 3. bekk eru klæddar eftir veðri.*

## UPPLESTRARKEPPNIN Í 7. BEKK

Þessa dagana eru nemendur í 7. bekk að undirbúa sig undir Stóru-upplestrarkeppnina. Þátttaka nemenda og undirbúningur eru lykilatriði keppinnar. Undirbúningurinn hófst á degi íslenskrar tungu 16. nóvember sl. og allir nemendur í 7. bekk fá tækifæri til að æfa upplestur og koma fram. Mánudaginn 12. febrúar og fimmtudaginn 15. febrúar buðu nemendur foreldrum sínum í skólann og lásu upp fyrir þá. Lokakeppnin fer fram 14. mars.

